

# VIP 3

## Alkalískt hreingerningarefni fyrir mjólkuriðnað

Skv. reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

### 1. SÖLUHEITI VÖRU. ÍSLENSKUR FRAMLEIÐANDI, INNFLYTJANDI EÐA SELJANDI.

Söluheiti vöru: **VIP 3**

Notkun: Alkalískt hreingerningarefni fyrir mjólkuriðnað.

Öryggisleiðb. nr.: -

Dreifingaraðili: KEMI ehf., Dalbrekku 28, 200 Kópavogi, sími 544 5466, www.kemi.is

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

### 2. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
497-19-8	207-838-8	Natríumkarbónat	30 - 60	Xi H36
6834-92-0	229-912-9	Dínatríummetasilíkat	5 - 15	C, Xi H34-37
2893-78-9	220-767-7	Natríumdíklórísósýanúrat	5 - 15	Xn, O, N H8-22-31-36/37-50/53

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

### 3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR.

Ætandi í snertingu við húð og augu. Ætiskemmdir ná langt inn í vefina og koma oft ekki fram fyrr en nokkru eftir snertingu við efnið. Hætta á varanlegum augnskaða. Ertir öndunarfæri. Eitrað vatnalífverum. Getur haft óæskileg langtímaáhrif á lífríki í vatni.



ÆTANDI



HÆTTULEGT UMHVERFINU

### 4. SKYNDIHLJÁLPA.

Almennt:	Leitið lækni ef slys ber að höndum eða ef grunur er um heilsutjón af völdum efnisins. Sýnið öryggisleiðbeiningarnar við komu.
Við innöndun:	Tryggið hreint loft og hvíld. Leitið lækni ef óþægindi eru viðvarandi.
Snerting við húð:	Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og skolið húðina með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni.
Snerting við augu:	Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægjið snertilinsur. Flytjið slasaða til lækni og haldið skolun áfram meðan á flutningi stendur.
Við inntöku:	Skolið munn og háls strax og drekkið mikið af vatni. Leitið lækni. Framkallið EKKI uppköst. Ef uppköst verða, skal halda höfðinu lágt til að forðast að efnið berist í öndunarvegi.

## Öryggisleiðbeiningar: VIP 3

### 5. BRUNI / AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD.

*Efni/aðferðir:* Efnið er ekki eldfimt. Notið slökkviefni eftir aðstæðum. Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Fjarlægið umbúðir með efninu af hættusvæðinu ef hægt er.

*Sérstök hættu:* -

### 6. EFNALEKI.

Notið persónuhlífar skv. lið 8 við hreinsunarstörf. Hreinsið efnið upp þurrtil endurvinnslu eða látið í heppileg og merkt ílát til förgunar. Ef leki er minniháttar má skola efninu í niðurfall með miklu vatni.

### 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA.

*Meðhöndlun:* Forðist rykmyndun. Varist innöndun ryks. Forðist snertingu við augu og húð. Vinnu skal skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er. Má ekki blanda með súrum efnum.

*Geymsla:* Geymist í upprunalegum umbúðum vel lokuðum. Geymið ekki hjá matvælum og öðrum neysluvörum, fóðri eða lyfjum. Geymið ekki með sýrum eða súrum efnum svo ekki komi til blöndunar. Opnuðum umbúðum þarf að loka vandlega og geyma uppréttar til að fyrirbyggja leka. Geymsluþol er 6 mánuðir.

### 8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR.

*Tæknilegar aðgerðir:* Greiður aðgangur þarf að vera að nægu vatni og augnskolutækjum. Ef efnið er notað innanhúss þarf að nota vélræna loftræstingu.

*Mengunarmörk:* -

*Persónuhlífar;*

*Öndunargrímur:* Notið öndunargrímu með síu P2 ef loftræsting er ekki fullnægjandi.

*Fyrir augu:* Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.

*Fyrir hendur:* Notið CE merkta hanska sem viðurkenndir eru skv. EN 374-3. Notið einnota hanska úr nítrílgúmmí ef unnið er með efnið óblandað eða í háum styrk. Skiptið strax ef efnið berst í hanskana. Skiptið daglega um hanska ef unnið er með venjulegan notkunarstyrk.

*Fyrir húð:* Notið galla ef hættu er á að efnið berist á húð.

*Hreinlæti við vinnu:* Skipuleggið og framkvæmið vinnu þannig að ekki komi til beinnar snertingar við efnið. Safnið notuðum hlífðarhönskum og síum úr öndunargrímum í sérstakt ílát og fargið sem hættulegum úrgangi.

## VIP 3

## Alkalískt hreingerningarefni fyrir mjólkuriðnað

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR.

Ástand / útlit / lykt:	Duft / hvítt / -
Sýrustig (pH):	10,9 í 1% lausn
Bræðslumark:	-
Suðumark:	-
Blossamark:	-
Hætta á sjálfkveikju:	-
Sprengimörk; neðri - efri:	-
Eldnærandi eiginleikar:	-
Gufubrýstingur:	-
Seigja:	-
Eðlisþyngd:	0,94 kg/l
Leysni:	-

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI.

Stöðugleiki:	Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.
Aðstæður sem skal forðast:	Myndar mikinn varma við blöndun við sýrur og súr efni. Hætta á sprengisúðu.
Efni sem skal varast:	Sýrur. Málmar sem viðkvæmir eru fyrir alkalískum efnum eins og ál, tin, blý og zink og blöndur þessara málma.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Myndar eitruð gas í snertingu við síru.

## 11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR.

Almennt:	-	
Við innöndun:	Ryk verkar ertandi og ætandi á öndunarfæri.	
Snerting við húð:	Ætandi.	
Snerting við augu:	Ætandi.	
Við inntöku:	Veldur ætingu í munn, hálsi og vélinda.	
Bráð eiturrif:	Natríumkarbónat	LD50 (inntaka, rottur): 4090 mg/kg Húð, kanínur: lítillega ertandi Augu, kanínur: mjög ertandi.
	Dínatríummetasilíkat	LD50 (inntaka, rottur): 1150 mg/kg Húð, kanínur: ætandi Augu, kanínur: ætandi.
	Natríumdíklórísósýanúrat	LD50 (inntaka, rottur): 700 mg/kg LD50 (húð, kanínur): 6000 mg/kg Húð, kanínur: ætandi Augu, kanínur: ætandi.
Langtímaáhrif:	Engin þekkt.	

## Öryggisleiðbeiningar: VIP 3

### 12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU.

<i>Almennt:</i>	-						
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Ef efnið kemst í vatn í miklu magni hefur það áhrif á sýrustig. Inniheldur efni sem er mjög eitrað vatnalífverum. Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. Önnur efni í vörunni eru aðeins lítið eitruð vatnalífverum og eru ekki flokkuð sem slík. Basísk áhrif hverfa við mikla þynningu						
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	<table> <tr> <td>Natríumkarbónat</td> <td>LC50 (fiskur): 300 mg/l/ 96 klst. EC50 (liðdýr, Daphnia): 265 mg/l / 48 klst.</td> </tr> <tr> <td>Dínatríummetasilíkat</td> <td>LC50 (fiskur): 2320 mg/l/ 96 klst. EC50 (liðdýr, Daphnia): 247 mg/l / 100 klst.</td> </tr> <tr> <td>Na-díklórísósýanúrat</td> <td>LC50 (fiskur): 0,37 mg/l/ 96 klst.</td> </tr> </table>	Natríumkarbónat	LC50 (fiskur): 300 mg/l/ 96 klst. EC50 (liðdýr, Daphnia): 265 mg/l / 48 klst.	Dínatríummetasilíkat	LC50 (fiskur): 2320 mg/l/ 96 klst. EC50 (liðdýr, Daphnia): 247 mg/l / 100 klst.	Na-díklórísósýanúrat	LC50 (fiskur): 0,37 mg/l/ 96 klst.
Natríumkarbónat	LC50 (fiskur): 300 mg/l/ 96 klst. EC50 (liðdýr, Daphnia): 265 mg/l / 48 klst.						
Dínatríummetasilíkat	LC50 (fiskur): 2320 mg/l/ 96 klst. EC50 (liðdýr, Daphnia): 247 mg/l / 100 klst.						
Na-díklórísósýanúrat	LC50 (fiskur): 0,37 mg/l/ 96 klst.						
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Natríumkarbónat er ólífrænt. Dínatríummetasilíkat er ólífrænt. Getur verið skaðlegt vatnalífverum vegna áhrifa á sýrustig. Natríumdíklórísósýanúrat er ólífrænt.						

### 13. FÖRGUN.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.

### 14. FLUTNINGUR.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR / RID Class: 8	UN-no.: 3253	Number and letter:
	Name of Material: DINATRIUMTRIOXOSILICATE		
	Symbol:		
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG Class: 8	UN-no.: 3253	Packaging Group: III
	Ems: 8-06	MFAG:	
	Name of Material: DISODIUM TRIOXOSILICATE		
	Symbol:		Marine Pollutant: nei
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA Class: 8	UN-no.: 3253	Packaging group:
	Name of Material:		
	Symbol:		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

## VIP 3

## Alkalískt hreingerningarefni fyrir mjólkuriðnað

## 15. UPPLÝSINGAR UM LÖG OG REGLUR SEM VARÐA NOTKUN VÖRUNNAR.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki:

C, N

Inniheldur:

Dínatríummetasilíkat, natríumdíklórísósýanúrat

H - setningar:

H34 Ætandi.

H37 Ertir öndunarfæri.

H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

V - setningar:

V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V36/37/39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu.

V45 Leitið umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

V50 Má ekki blanda með sýru.

V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar / öryggisleiðbeiningar.

(V1/2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR.

Gert þann:: 31-03-03

Dagsetning frumrits: 28-01-03

Gert fyrir: NOVADAN A/S, DK / KEMI ehf., Dalbrekku 28, 200 Kópavogi, sími 544 5466

Unnið af: EFNAVERND, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H8 Eldfimt í snertingu við brennanleg efni.

H22 Hættulegt við inntöku.

H31 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru.

H34 Ætandi.

## Öryggisleiðbeiningar: VIP 3

H36 Ertir augu.

H37 Ertir öndunarfæri.

H36/37 Ertir augu og öndunarfæri.

H50/53 Mjög eittrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

*Annad:* Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á þeirri vitneskju sem fyrir liggur um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisleiðbeiningarnar eru gerðar. Varan sjálf hefur ekki verið prófuð en byggt er á upplýsingum um einstök innihaldsefni og um sambærilegar vörur.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá NOVADAN A/S, 6000 Kolding, Danmark.